

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Dagsetning: 16.05.2023
Málsnúmer: FJR22060036
Bréfalykill: 3.6

Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða o.fl. (þskj. 1376, 880. mál).

I. Inngangur

Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum sem bárust til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða o.fl. (þskj. 1376, 880. mál). Umsagnir bárust frá Jónasi M. Torfasyni og Samtökum Fjármálafyrirtækja (SFF). Ráðuneytið telur ekki tilefni til að bregðast aftur við umsögn Jónasar M. Torfasonar, en vísar til 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu þar sem fjallað er um afstöðu ráðuneytisins til umsagnar hans í samráðsgátt stjórnvalda.

II. Viðbrögð við umsögn Samtaka Fjármálafyrirtækja

Í umsögn SFF frá 17. apríl 2023 er vakin athygli á því að nýta mætti frumvarpið til að samræma tiltekin ákvæði í lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, og X. kafla laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Í fyrsta lagi er þar talið til ákvæði um takmarkanir á eignasafni, þar sem að við setningu laga um verðbréfasjóði virðist hafa farist fyrir að bæta málsgreinum við 94. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Að mati SFF þyki rétt að sambærilegar kröfur gildi um verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta hvað þetta varði og að umræddum lagagreinum verði bætt við 94. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ráðuneytið tekur undir með SFF að þarna virðist tilefni til að leggja til breytingar á 94. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Telur ráðuneytið rétt að leggja til að bætt verði við greinina þannig að hún verði sambærileg 72. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021. Mikilvægt er, með sama hætti og á við um verðbréfasjóði, að kveðið verði á um heimilar undanþágur vegna sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta frá 1. mgr. ákvæðisins á þeim tíma sem gerninga er aflað og einnig að Seðlabanki Íslands hafi möguleika á að kveða á um í reglum að 1. mgr. ákvæðisins nái ekki til framseljanlegra fjármálagerninga sem traustir aðilar gefa út eða ábyrgjast. Umrætt ákvæði í 72. gr. laga um verðbréfasjóði byggist á heimildarákvæði í tilskipun um verðbréfasjóði nr. 2009/65/EB.

Þá telur ráðuneytið rétt að leggja til að tilvísun til Fjármálaeftirlitsins í 3. mgr. 72. gr. laga um verðbréfasjóði verði breytt þannig að þar verði vísað til Seðlabanka Íslands. Er það gert til að gæta lagasamræmis.

Í öðru lagi er í umsögninni vísað til þess að við endurskoðun á eldri lögum um verðbréfasjóði, nr. 128/2011, hafi verið ákveðið að fella brott ákvæði 3. mgr. 25. gr. laganna, en þar var kveðið á um að ef hlutdeildarskírteini væri skráð á safnreikning skyldi viðkomandi fjármálafyrirtæki veita rekstrarfélagi upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda, nafnverð skírteina og kaupdag þeirra eigi sjaldnar en mánaðarlega og hvenær sem rekstrarfélag óskaði þess. Um hafi verið að ræða séríslenskt ákvæði. Í 76. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, er efnislega sambærilegt ákvæði og framangreind 25. gr. eldri laga um verðbréfasjóði og er í greinargerð með frumvarpi að lögunum tekið fram að ákvæðið byggji á því ákvæði. Þegar gerðar voru breytingar á ákvæðum laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða til að gæta samræmis við gildistöku nýrra laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, virðist hafa farist fyrir að endurskoða 76. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða til samræmis við 41. gr. nýrra laga um verðbréfasjóði og þar með fella niður framangreint ákvæði um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis til rekstraraðila ef hlutdeildarskírteini er skráð á safnreikning. Telur SFF rétt að sambærilegar kröfur gildi um verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta hvað þetta varðar. Ekki ætti að vera ósamræmi í þessu á milli sjóðaforma. Verði sú leið farin að taka aftur upp skylduna gagnvart fjármálafyrirtækjum um að veita þessar upplýsingar sé mikilvægt að skýrt komi fram markmið og tilgangur ákvæðisins en eldri lögskýringargögn séu heldur rýr hvað það varði.

Ráðuneytið tekur undir með SFF að þarna virðist tilefni til að leggja til breytingar á 76. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Telur ráðuneytið rétt að leggja til að 3. mgr. 76. gr. laganna verði felld brott til að gæta samræmis við kröfur um sama efni í lögum um verðbréfasjóði. Talið er að ákvæði laga um varnir gegn peningabvætti og

fjármögnun hryðjuverka tryggi það sem ætlað var að tryggja í ákvæði eldri laga um verðbréfasjóði. Var því þetta séríslenska ákvæði felld úr lögum um verðbréfasjóði við endurskoðun þeirra.

Í þriðja lagi er svo í umsógninni tekið fram að SFF telji ekkert því til fyrirstöðu að ákvæði 9. gr. frumvarpsins um nýjan kafla um höfuðsjóði og fylgisjóði í lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, taki gildi þegar við birtingu laganna. Ekki sé þörf á að bíða með gildistöku þessara ákvæða fram til 1. september 2023.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að ákvæði 9. gr. frumvarpsins öðlist gildi strax við birtingu.

III. Önnur atriði

Ráðuneytinu barst ábending frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (FME) í tengslum við 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Samkvæmt ákvæðinu er skilyrði fyrir heimild rekstraraðila með staðfestu utan Íslands til markaðssetningar sérhæfðs sjóðs hér á landi að hann afhendi öll þau gögn sem gert er ráð fyrir í V. kafla laganna, þar á meðal gögn skv. 3. mgr. 48. gr. sem eru listi yfir alla sjóði sem rekstraraðili rekur og ársreikningar fyrir hvert fjárhagsár. Ákvæðið er innleiðing á 42. gr. tilskipunar nr. 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFMD). Í 3. mgr. 24. gr., sbr. 42. gr. AIFMD, er gengið út frá því að samkvæmt beiðni lögbærs yfirvalds skuli afhenda ársreikninga viðkomandi rekstraraðila og sjóða og lista yfir alla sjóði sem rekstraraðili rekur. FME telur að ákvæði 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða gangi lengra en tilefni er til en rétt væri að hægt væri að kalla eftir þessum gögnum ef þurfa þykir líkt og kveðið er á um í AIFMD.

Ráðuneytið tekur undir þetta og telur rétt að ákvæðið verði fært nær því sem gert er ráð fyrir í AIFMD. Með breytingu yrðu gagnaskil erlendra rekstraraðila sérhæfðra sjóða til FME, sem óska eftir heimild til markaðssetningar sjóða hér á landi, minni en samkvæmt núgildandi lögum, en FME gæti óskað eftir þessum gögnum teldi eftirlitið ástæðu til. Með breytingunni væri dregið úr óþarfa gagnaskilum til FME.

4. mgr. 48. gr. laganna er ekki innleiðing á AIFMD. Ákvæðið varðar niðurstöður kannana innri endurskoðunar rekstraraðila sem gera skuli FME grein fyrir. Með vísan til ábendingar FME er ekki talið að eftirlitið þurfi að fá þessi gögn afhent að staðaldri en rétt væri að kalla mætti eftir þeim ef svo bæri undir.

Ráðuneytið leggur því til að umræddu ákvæði 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 45/2020 verði breytt. Á eftir orðunum „V. kafla um gagnsæi“ komi innskotssetning, svohljóðandi: nema að því er varðar gögn skv. 3. og 4. mgr. 48. gr. sem skulu afhent að beiðni Fjármálaeftirlitsins.

IV. Breytingartillögur við frumvarpið

Ráðuneytið leggur til, sbr. umfjöllun í II. og III. kafla, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Í I. kafla frumvarpsins koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
 - a. Á eftir orðunum „V. kafla um gagnsæi“ í 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. laganna bætist: nema að því er varðar gögn skv. 3. og 4. mgr. 48. gr. sem skulu afhent að beiðni Fjármálaeftirlitsins.
 - b. 3. mgr. 76. gr. laganna fellur brott.
 - c. Við 94. gr. laganna bætast tvær málsgreinar, svohljóðandi: Heimilt er að víkja frá þeim háþörkum sem mælt er fyrir um í a–d-lið 1. mgr. á þeim tíma sem gerninganna er aflað ef ekki er unnt á þeim tíma að reikna heildarfjárhæð skuldabréfa eða peningamarkaðsgerninga eða hreina fjárhæð útgefninga verðbréfa.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga sem ríki innan EES eða sveitarfélög aðildarríkja eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast eða alþjóðastofnanir sem eitt eða fleiri ríki EES eru aðilar að gefa út.
2. Í II. kafla frumvarpsins kemur ein ný grein, svohljóðandi:
 - a. Í stað orðsins „Fjármálaeftirlitinu“ í 3. mgr. 73. gr. laganna kemur: Seðlabanka Íslands.